

Nr. 082 / 15 Birtingur NK 124**Leki milli rýma innanborðs**

Skipaskr.nr. 1293 IMO nr. 6821638
Smíðaður: Þrándheimi Noregi 1968, stál
Stærð: 949 brl. 1467,6 bt.
Mesta lengd: 67,47 m Skráð lengd: 61,17m
Breidd: 10,9 m Dýpt: 8,05 m
Vél: Caterpillar 5420 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 8



Birtingur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. júlí 2015 var Birtingur NK 124 á siglingu á SA miðum. Veður: SA 1 m/sek og ölduhæð 0,5 m.

Þegar skipið var stutt um sex sml SSV af Hvanney á Hornafirði urðu skipverjar varir við leka í framskipi og óskaði skipstjóri eftir lóðs til að komast til hafnar á Höfn. Ekki var hægt að taka skipið inn til hafnar strax vegna liggjanda en björgunarskipið Ingibjörg fór með menn og tvær dælur til skipsins. Það tókst að þurrka rýmið en lekinn var á milli rýma innanborðs og var skipinu siglt áfram til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að keila í loka fyrir 3 miðlestarkank var skökk í húsinu og þétti ekki. Þegar opnað var fyrir dælurýmið í ventlakistunni rann sjór frá 3 miðtank yfir í dælurýmið þar sem yfirborðið í honum var hærra. Dælan hafði ekki undan að dæla frá dælurýminu og 3 miðtank.
- að ekki var búið að lagfæra þennan loka við skoðun um borð en það stóð til að skipta um hann áður en skipið færi af stað eftir vélarupptekt.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að keila í loka milli rýma var skökk og þ.a.l. óþétt.